

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorphirðu- gjald</i>	<i>Sorpeyðingar- gjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	26.946	13.467	40.413
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr.	13.420	6.707	20.128
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	13.922	6.958	20.879
d) Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	26.946	13.467	40.413

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>		<i>kr./kg m. vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur		21,65
Ópressanlegur úrgangur		32,48
Málað timbur eða plasthúðað		32,48
Óflokkaðir málmar		5,43
Blandaður pappír		23,85
Dagblöð og tímarit		23,85
Plastumbúðir, harðplast		21,65
Fatnaður		21,65
	<i>m³</i>	<i>kr. m. vsk.</i>
Móttökugjald fyrir stakan farm	0,25	1.139
	0,5	2.277
	0,75	3.416
	1	4.554

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 14. desember 2017 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1291/2016.

Búðardal, 15. desember 2017.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.